

GLEYMISKAN KVEIKIR ELD



VISSIR ÞÚ AÐ ...

Eldavélin er algengasta ástæða bruna vegna heimilistækja

Sjöundi hver heimilisbruni verður vegna eldavéla.

Eldavélabrunar eru óþarfir

Þeir verða oftast vegna gleymsku eða aðgæsluleysis.

Þú tryggir þig með því að:

- Fara aldrei frá heitri hellu - eldavélabrunar verða oftast vegna potts sem gleymist.
- Halda hreinu - feiti sem ekki er þrífín af eldavél eða víftu getur valdið eldsvoða.
- Sýna varúð við djúpsteikingu - olían brennur ef hún ofhitnar. Hafðu mátulega mikið í pottinum. Ef olían byrjar að rjúka er hún of heit, taktu þá pottinn strax af hellunni.
- Muna að eldhúsið er ekki leikvöllur - börn kveikja á eldavélum.
- Reyna aðeins að slökkva viðráðanlegan eld - notaðu brunateppi og alls ekki vatn. Snertu ekki pottinn, hann brennir.
- Hafa reykskynjara með rafhlöðum í lagi - það getur bjargað lífi.
- Bregðast rétt við, ef eldur logar - lokaðu hurðum, forðaðu þér og hringdu í 112



Láttu þetta ekki henda þig ...

... ég var að steikja kjöt á pönnunni og ætlaði að lækka strauminn og láta malla. Síminn hringdi. Mamma, hún vildi fara með strákana í húsdýragarðinn og svo þurfti hún að tala um Betu frænku. Allt í einu fann ég mikla reykyarlykt og áttaði mig þá fyrst á að ég hafði gleymt að lækka hitann ...

